



Kópavogsbær

# Verklag

**Þegar grunur vaknar um ofbeldi,  
vanrækslu eða áhættuhegðun barna í  
stofnunum Kópavogsbæjar**



# Formáli

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað þann 22. maí 2018 að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Í innleiðingarferlinu hefur verið unnið að ýmsum verkefnum sem snúa að því að virða og uppfylla réttindi barna.

Eitt af verkefnum innleiðingarferlisins var að uppfæra eldri verklagsreglur bæjarins um viðbrögð vegna gruns um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart börnum. Nauðsynlegt er að til staðar sé skýrt verklag um tilkynningarskyldu starfsfólks sem vinnur með börnum vakni grunur um að börn verði fyrir vanrækslu, ofbeldi eða sýni sjálf áhættuhegðun. Slíkar verklagsreglur þurfa að vera öllum starfsmönnum aðgengilegar og tryggt að starfsmenn fái viðeigandi upplýsingar og fræðslu um reglurnar.

Bæklingur þessi inniber endurskoðaðar verklagsreglur vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar settar upp á aðgengilegan hátt fyrir starfsmenn og íbúa Kópavogs. Verklagsreglurnar ná til dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, frístundaúrræða, félagsmiðstöðva, íþróttamannvirkja, bókasafna, vinnuskóla og annarra stofnana á vegum bæjarins þar sem börn dvelja eða sækja þjónustu.

Við gerð bæklingisins var stuðst við útgáfu sambærilegs verklags frá Garðabæ sem og verklagsreglur Barnaverndarstofu um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda.

Verklagsreglur Kópavogsbæjar ásamt bæklingi þessum eru endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

# Tilkynningarskylda

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002

## 16. gr. Tilkynningarskylda almennings

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- Búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.
- Verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.
- Stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þá ber öllum að láta barnavernd vita ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

Sá sem tilkynnir til barnaverndar þarf að láta vita hver hann er en getur þó óskað eftir nafnleynd.

## 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 16. gr.

Ákvæði um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv.17. gr. barnaverndarlaga.

Tilkynningarskylda gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

# Verklag

## Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna

1

### Hlutverk starfsmanns

#### Ef barn eða ungmenni leitar til starfsmanns

Ef barn leitar til starfsmanns og gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað inni á heimili þess eða annars staðar er mikilvægt að starfsmaður sýni viðeigandi framkomu.

Starfsmaður þarf að átta sig á að barnið sýnir honum mikið traust. Honum ber að halda ró sinni og gæta að réttum viðbrögðum. Mikilvægt er að hlusta á það sem barnið segir og leyfa því að tala án þess að trufla frásögn þess.

Gott er að nota setningar eins og:

- Takk fyrir að treysta mér og segja mér frá þessu.
- Viltu segja mér eitthvað meira?
- Ég ætla að hjálpa þér.

Ef barnið vill ekki tjá sig meira á ekki að beita það þrýstingi. Barnið er búið að opna fyrir upplifun sína. Ekki má vanvirða það traust sem barnið sýnir. Segja verður barni að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur án þess að spyrja leiðandi spurninga. Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá barnavernd og lögreglu.

Sé barn með sýnilega áverka eða segir frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við stjórnanda viðkomandi stofnunar og stjórnandi hefur samband við Barnavernd Kópavogs.

Í tilvikum þar sem vanræksla eða áhættuhegðun barns hefur varað í lengri tíma og ekki batnað, þrátt fyrir ábendingar starfsfólks til foreldra, skal tilkynna málið til barnaverndar.

Starfsmanni ber að gæta hlutlægni, vanda störf sín og beita faglegum vinnubrögðum. Tryggja þarf að mál fari í réttan farveg innan stofnunar. Mikilvægt er að sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast máli fyllstu nærgætni og gæta trúnaðar.

# Verklag

## Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna

### Ef grunur er um óviðunandi aðstæður, ofbeldi eða áhættuhegðun barna

Mikilvægt er að starfsmaður sýni varfærni í samræðum við barn og fylgi málinu eftir í réttan farveg. Koma þarf upplýsingunum til stjórnanda. Það er á ábyrgð stjórnanda að tilkynna til Barnaverndar Kópavogs. Hlutverk barnaverndar er að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um slíkt gilda.

Starfsmönnum stofnana er skylt að tilkynna til stjórnanda ef grunur leikur á að:

- barn hafi verið beitt ofbeldi (gerandi óþekktur).
- foreldri eða aðrir aðstandendur hafi beitt barn ofbeldi eða vanrækslu.
- barn hegði sér á einhvern hátt sem skaðar eða er líklegt að skaða heilsu þess og þroska.
- barn hafi beitt ofbeldi og ekki tekst að leysa úr málinu, eða ofbeldið er mjög alvarlegt, t.d. sjáanlegir áverkar, notuð vopn og endurtekið ofbeldi.
- starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi eða atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant, sbr. 35. gr. barnaverndarlaga.

### Ef grunur er um að foreldri eða einstaklingur sem sækir barn í skólann eða stofnun sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

Leita skal til stjórnanda og vísa viðkomandi inn á skrifstofu stjórnanda í samtali. Þar á að láta viðkomandi vita að starfsfólk gruni hann um að vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna og ekki sé rétt að hann fari með barnið. Koma skal í veg fyrir að viðkomandi fari með barn af vettvangi ef talið er að barninu sé hættu búin. Stjórnandi hringir í lögreglu í síma 112 og óskar eftir aðstoð ef þörf er á. Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar Kópavogs.

### Ef grunur er um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Leita skal til stjórnanda er vinnur í samræmi við verklag Kópavogsbæjar um málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni.

2

## HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

### Starfsmaður skal leita til stjórnanda

Ef ekki næst í stjórnanda og barn er í hættu, skal tilkynna beint til Barnaverndar Kópavogs í síma 441-0000 á dagvinnutíma eða hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112 og láta stjórnanda vita síðar.

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda er honum bent á að hafa samband við Barnavernd Kópavogs eða fagsvið Kópavogsbæjar í síma 441-0000.

# Verklag

## Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættu hegðun barna

3

### TILKYNNING

Stjórnandi stofnunar metur hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnavernd sem metur hvort grunur sé nægilega rökstuddur og tekur ákvörðun um könnun í framhaldi af því.

Stjórnandi skráir mál á þar til gerð eyðublið og eftir atvikum tilkynnir mál til Barnaverndar Kópavogs eða þess sveitarfélags þar sem barnið býr. Tilkynningin er á ábyrgð og í nafni stofnunarinnar en ekki einstakra starfsmanna.

Ef atvik koma upp utan dagvinnutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112.

4

### STUÐNINGUR OG EFTIRFYLGNI

#### Upplýsingar til tilkynnanda og samstarf

Þegar mál er tilkynnt barnavernd kannar nefndin málið og sér um rannsókn þess. Mikilvægt er þó að vinnsla málsins haldi að öðru leyti áfram innan stofnunarinnar, s.s. stuðningur og eftirfylgni. Barnavernd er skylt að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynninga. Öllum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og skulu þau leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

#### Foreldrasamskipti

Stjórnandi skal að jafnaði láta foreldra vita af tilkynningu. Hann gerir foreldrum grein fyrir að þannig sé lagaskyldum fylgt. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins, stuðning við það og fjölskyldu þess. Markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning. Ef grunur leikur á að barn búi við ofbeldi á heimili sínu á ekki að upplýsa foreldra um tilkynningu til yfirvalda. Með því móti er reynt að koma í veg fyrir að barnið verði fyrir meira ofbeldi og að rannsóknarhagsmunum verði spilt. Það er hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

#### Stuðningsúrræði

Huga þarf vel að eftirfylgni mála innan stofnunar og veita hlutaðeigandi stuðning eftir þörfum. Ákveðið teymi innan stofnunar á að bera ábyrgð á velferð barns. Stjórnandi stofnunar hefur samráð við menntasvið og/eða barnavernd eftir þörfum um eftirfylgni með barninu eða öðrum aðilum skv. verklagsreglum.

Möguleg stuðningsúrræði barnaverndar til barns og fjölskyldu eru meðal annars regluleg viðtöl við félagsráðgjafa, ýmis sérfræðiþjónusta, persónulegir ráðgjafar, tilsjón og stuðningsfjölskyldur. Auk úrræða sem sótt er um hjá Barnaverndarstofu. Ætíð er lögð áhersla á samvinnu við foreldra.

# Hvað ber að tilkynna?

Barnaverndarmál eru oft flokkuð í þrjá meginflokka sem eru: Vanræksla, ofbeldi og áhættuhegðun barna.

Oft eru mörkin óljós milli flokka. Gott er að hafa í huga að oft er það ekki eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsmanns. Oft eru það fleiri þættir og tilfinning fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur.

Þegar um vafamál er að ræða er unnt að hringja í Barnavernd Kópavogs og ræða málið nafnlaust og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort tilkynna eigi um málið eða ekki.

Eftirfarandi lista má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsmanni að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi.

## Vanræksla

Vanræksla getur verið bæði tilfinningaleg og líkamleg. Hún getur falist í því að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og getur skaðað þroska þess. Vanræksla getur hafist strax í móðurkviði. Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barns er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti. Þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla.

Vanræksla getur:

- Falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra. Til dæmis að ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Varðað umsjón og eftirlit barnsins. Til dæmis að barn sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska.
- Stafað af því að foreldrar séu ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Varðað skólagöngu barns. Að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegra áhalda eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera engan árangur.

## Ofbeldi

Ofbeldi getur verið líkamlegt, tilfinningalegt, kynferðislegt og/eða að lífi og heilsu ófæddis barns sé stefnt í hættu.

### Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi gagnvart barni er ofbeldi sem leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess. Barn getur borið merki ofbeldis með til dæmis marbletti, skrámu, brunasári eða beinbroti en ummerki eru þó ekki alltaf sjáanleg. Líkamlegt ofbeldi getur m.a. falist í því að barn sé slegið, hrist, því hent til, rassskellt eða viljandi gefin hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur það.

# Hvað ber að tilkynna?

## Tilfinningalegt ofbeldi

Oft er erfitt að greina tilfinningalegt ofbeldi en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar. Tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barni felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barni viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar sjálfsímyndar barns. Einnig er það skilgreint sem tilfinningalegt ofbeldi þegar barn eða ungmenni verður vitni að ofbeldi milli foreldra sinna.

Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í:

- Viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.
- Því þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt.

## Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beint að barni. Það getur átt sér stað milli fullorðins einstaklings og barns eða milli tveggja barna þar sem annar einstaklingur hefur vald yfir hinum.

Kynferðislegt ofbeldi getur til dæmis falist í:

- Að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða myndir teknar af barni í þeim tilgangi að örva kynferðislega.
- Að þuklað sé á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegum myndum, orðum og samræðum á samfélagsmiðlum.
- Kynmökum við barn.

## Áhættuhegðun barns

Áhættuhegðun barns felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem skaðar eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska.

Áhættuhegðun barns getur falist í:

- Neyslu áfengis eða vímuefna.
- Að barn skaði sjálf sig með því að veita sér áverka.
- Að barn beiti aðra ofbeldi.
- Erfiðleikum barns í skóla þrátt fyrir aðhald foreldra.
- Að barn stundi afbrot t.d. skemmdarverk eða fari ekki eftir lögbundnum útivistartíma barna.





# Verklag

Þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar

1

## Hlutverk starfsmanns

Barn leitar til starfsmanns.

Grunur starfsmanns um óviðunandi aðstæður, hegðun eða atvik er varða börn.

Grunur starfsmanns um að foreldri eða sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun.

2

## HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

Starfsmaður leitar til stjórnanda eins fljótt og mögulegt er.

Ef ekki næst í stjórnanda og barn er í hættu skal strax hafa samband við barnavernd í síma **441-0000** eða bakvakt barnaverndar í síma **112**.

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við næsta yfirmann eða barnavernd.

3

## TILKYNNING

Stjórnandi skráir eins fljótt og mögulegt er öll málsatvik.

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna mál til barnaverndar á viðeigandi tilkynningarblaði eins fljótt og mögulegt er.

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma **112**.

4

## STUÐNINGUR OG EFTIRFYLGNI

Þegar mál er tilkynnt barnavernd sér hún um könnun og rannsókn þess. Mikilvægt er að vinnsla málsins haldi að öðru leyti áfram innan stofnunarinnar.

Stjórnandi lætur foreldra vita af tilkynningu. Ef grunur leikur á að barn búi við ofbeldi á heimili sínu á ekki að upplýsa foreldra um tilkynninguna.

Huga þarf vel að eftirfylgni mála innan stofnunar og veita hlutaðeigandi stuðning eftir þörfum.